

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
136. fundur.

**Þriðjudaginn 27. ágúst 2013 kl. 10.00, var boðað til aukafundar í hreppsnefnd Húnavatnshrepps. Fundinn sátu einnig stjórnir fjallskiladeilda Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Auðkúluheiðar og Bólstaðarhlíðarhrepps. Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P Jensen ritaði fundargerð.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 10.05

**Fundarefni:**

**Fjallskil 2013 og tilkynning sem barst frá Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra vegna varhugaverðrar veðurspár fyrir nk. föstudag og laugardag.**

Þóra Sverrisdóttir gerði grein fyrir fundi sem Almannavarnarnefnd A-Hún hélt í gær með bæjarstjórum, sveitarstjórum og oddvitum allra sveitarfélaga á svæði nefndarinnar. Á fundinum var farið yfir slæmt veðurútlit næstu daga og þau úrræði sem í boði eru.

Fyrir fundinn var lögð spá um veðurhorfur næstu daga og er nýjasta spá engu skárri en fyrri spár og áætlað er að veðurhæðin verði mest á okkar svæði á föstudag og fram á laugardag.

**Eftirfarandi var samþykkt:**

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps lýsir yfir þungum áhyggjum vegna slæmrar veðurspár sem liggur fyrir á föstudag og laugardag. Af þeim sökum fer sveitarstjórn þess á leit við stjórnir fjallskiladeilda Grímstungu- og Haukagilsheiða, Auðkúluheiðar og Bólstaðarhlíðarhrepps að þær láti smala þau svæði sem hægt er og að svæðum verði forgangsraðað með tilliti til áhættu ef ekki er hægt að smala öll svæði fyrir föstudag. Jafnframt tilnefnir sveitarstjórn Húnavatnshrepps Jens Pétur Jensen sveitarstjóra sem aðgerðastjóra og tengilið við fjallskilastjórnirnar og almannavarnir A-HÚN.

Einnig beinir sveitarstjórn því til bænda í Húnavatnshreppi, þar sem vænta má þess að búfénað geti fennt að smala heimalönd sín sem kostur er til að takmarka það tjón sem orðið getur ef veðurspár ganga eftir.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps óskar eftir því við Almannavarnarnefnd A-Hún að hún vinni að því að nægjanlegur mannskapur fái til að smala þau lönd sem þarf á svæðinu. Einnig að allir þeir sem geti aðstoðað við smalanir miðvikudag og fimmtudag gefi sig fram við sveitarstjóra Húnavatnshrepps í síma 452-4661 eða síma 863-3610.

Öll hjálp er vel þegin hvort sem menn eru gangandi, á hesti eða á vélknúnu ökutæki.

Fleira ekki gert  
Fundir slitið kl. 11.10

---

Þóra Sverrisdóttir

---

Jón Gíslason

---

Jakob Sigurjónsson

---

Guðmundur R. Halldórsson

---

Magnús R. Sigurðsson

---

Jóhanna E. Pálmadóttir

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
136. fundur.

---

Ingibjörg Sigurðardóttir

---

Jens P. Jensen

---

Júlíus Óskarsson

---

Sigurður Árnason

---

Birgir Gestsson

---

Birgir Ingþórsson